

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Bergþóri Ólasyni um alþjóðlega vernd frá Gaza-svæðinu.

Leitað var til Útlendingastofnunar og embættis ríkislögreglustjóra vegna fyrirspurnarinnar og eru svör ráðherra byggð á upplýsingum sem bárust þaðan.

1. *Hvernig hafa stjórnvöld leitast við að koma í veg fyrir að hættulegt fólk frá Gaza-svæðinu misnoti lagaákvæði um alþjóðlega vernd til að hljóta slíka vernd hér á landi og flytjist til Íslands?*

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr laga um landamæri, nr. 136/2022, ber lögregla ábyrgð á og annast landamæraeftirlit á Íslandi og annast jafnframt eftirlit með útlendingum innan lands. Landamæraeftirlit á Íslandi fer fram á landamærastöðvum á flugvöllum og höfnum landsins. Lögregla ber ábyrgð á að afla upplýsinga vegna umsókna um alþjóðlega vernd, sbr. 26. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016, þ.m.t. hvort umsækjandi kunni að vera hættulegur. Upplýsingar um hættulega einstaklinga eru skráðar í Schengen-upplýsingakerfið (*Schengen Information System*) af aðildarríkjum Schengen-samstarfsins.

Hafi umsækjandi um alþjóðlega vernd á Íslandi verið skráður í áður nefnt kerfi berst tilkynning í upplýsingakerfi Útlendingastofnunar. Í kjölfar slíkrar skráningar hefur Útlendingastofnun samband við embætti ríkislögreglustjóra og fær nánari upplýsingar um skráninguna. Eðli og tegund tilkynningarinnar ráða því hvort slíkar upplýsingar hafi áhrif á meðferð máls.

Komi í ljós að umsækjandi um alþjóðlega vernd hafi t.d. gerst sekur um athafnir sem brjóta í bága við tilgang og meginreglur samnings Sameinuðu þjóðanna um réttarstöðu flóttamanna, hafi framið glæp gegn frið, stríðsglæp eða glæp gegn mannkyni eða hlotið endanlegan dóm fyrir mjög alvarlegt afbrot, kæmi til greina að beita réttarreglum um útilokun, sbr. 40. gr. laga um útlendinga.

2. *Eru dæmi þess eða hefur vaknað grunur um að meðal umsækjenda um alþjóðlega vernd frá Gaza-svæðinu sem flust hafa til Íslands hafi verið meðlimir eða stuðningsmenn Hamas-samtakanna?*

Kæmu fram upplýsingar um að umsækjandi um alþjóðlega vernd væri meðlimur í samtökum á borð við Hamas á meðan umsókn viðkomandi væri í málsmeðferð hjá Útlendingastofnun, yrði lögreglu gert viðvart. Í kjölfarið myndi lögregla afla nánari upplýsinga um viðkomandi og framkvæma áhættumat. Að fengnum upplýsingum frá lögreglu kæmi þá til greina að beita réttarreglum um útilokun frá réttarstöðu flóttamanns, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga um útlendinga auk þvingunarráðstafana XIII. kafla sömu laga.

Kæmi slíkt álitæfni upp eftir að málsmeðferð hjá Útlendingastofnun væri lokið, t.d. með veitingu viðbótarverndar eða alþjóðlegrar verndar, yrði sami háttur hafður á, nema að þá kæmi til greina að beita réttarreglum um afturköllun alþjóðlegrar verndar.

Engar upplýsingar eru fyrir hendi sem benda til þess að stuðningsmenn Hamas, sem ætla að fremja hryðjuverk, séu staddir hér á landi. Í framkvæmd hafa komið upp tilvik þar sem

grunur hefur vaknað um að umsækjendur um alþjóðlega vernd tengist Hamas-samtökunum með einhverjum hætti. Eftir ítarlegt áhættumat hefur það verið mat lögreglu að þessir tilteknu einstaklingar teljist ekki ógn við almannaoöryggi.